

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 311/1981 um Íþróttakennaraskóla Íslands.

1. gr.

1. málsgrein 20. gr. orðist svo:

Endurtekningarpóf er aðeins leyft einu sinni. Ef sérstaklega stendur á getur skólástjóri þó veitt undanþágu frá því ákvæði að fenginni umsógn skólaráðs. Endurtekningarpóf, svo og sjúkrapóf, skal fara fram eftir að skóla lýkur að vorinu en áður en skólastarf hefst að hausti. Nemandi fær ekki að hefja nám á seinna ári nema því aðeins að hann hafi staðist öll póf, lokið verkefnum og lokið við að kenna íþróttir í a. m. k. 70 kennslustundir um sumarið.

2. gr.

Reglugerðarbreyting þessi öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytið, 22. febrúar 1984.

Ragnhildur Helgadóttir.

Árni Gunnarsson.

Nr. 140

23. febrúar 1984

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Þórdísarsjóð, til minningar um Þórdísi Jónsdóttur frá Hamraberg í Reykjadal, Suður-Þingeyjarsýslu, útgefin á venjulegan hátt á mandatum, af dómsmálaráðherra 23. febrúar 1984.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Þórdísarsjóð, til minningar um Þórdísi Jónsdóttur frá Hamraberg í Reykjadal, Suður-Þingeyjarsýslu.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Þórdísarsjóður, styrktarsjóður Jóns Friðrikssonar og Friðriku Sigfúsdóttur frá Hömrum í Reykjadal.

2. gr.

Stofnandi sjóðsins er Jón Friðriksson frá Hömrum í Reykjadal, sem gefur til hans í upphafi kr. 60 000,00. Heimili sjóðsins og varnarþing er heimili formanns Ungmennafélagsins Eflingar.

3. gr.

Stofnfé sjóðsins er kr. 60 000,00. Tekjur sjóðsins skulu vera vextir, verðbætur, gjafir, áheiti, sala minningarkorta o.s.frv. Söfnunarár sjóðsins verði árið 1983 og skal hann taka til starfa 1. janúar 1984.

4. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja íþróttastarfsemi og annað það, sem má verða æsku Reykdælahrepps til menningarauka.

5. gr.

Sjóðurinn er sjálfseignarstofnun í vörslu stjórnar ungmennafélagsins Eflingar í Reykdælahreppi, sem hefur stjórn hans á hendi.

6. gr.

Sjóðstjórn skal ávaxta höfuðstól sjóðsins á vísitölutryggðum reikningi í innlánsdeild Kaupfélags Pingeyinga á Húsavík.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið og skal árlega birta ársreikninginn endurskoðaðan af löggiltum endurskoðanda.

7. gr.

Höfuðstól sjóðsins má aldrei skerða. Aldrei skal leggja minna við höfuðstól sjóðsins en 1/3 hlutum af tekjum hans af vöxtum og verðbótum.

8. gr.

Stjórn sjóðsins getur breytt skipulagsskrá þessari, ef hún er einhuga um breytinguna.

9. gr.

Verði ákveðið að hætta starfsemi sjóðsins skulu allar eignir hans renna til Héraðssambands Suður-Pingeyjarsýslu.

10. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 486 21. nóvember 1979, um hámarksfjölda leigubifreiða til sendiferðabifreiðaaaksturs á félagssvæði Bílstjórafélags Akureyrar.

1. gr.

2. grein orðist þannig:

Fjöldi leigubifreiða til sendibifreiðaaaksturs takmarkast við hámarkstöluna 8. sbr. þó 8. gr. laga nr. 36 frá 9. maí 1970. Tölu þessa má endurskoða á tveggja ára fresti. Áður en ákvörðun er tekin um nýja hámarkstölu skal leita umsagnar Bílstjórafélags Akureyrar og bæjarstjórnar Akureyrar.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum nr. 36 9. maí 1970, um leigubifreiðar, staðfestist hér með til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgönguráðuneytið, 24. febrúar 1984.

Matthías Bjarnason.

Kristinn Gunnarsson.